



Upplýsingar um réttindi hluthafa á aðalfundi Vátryggingafélags Íslands hf. þann 12. mars 2015.

Eftirfarandi reglur gilda um þátttöku og atkvæðagreiðslu á aðalfundi félagsins:

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá aðalfundar - Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu (stjorn@vis.is) um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Með kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til stjórnar eigi síðar en fjórum vikum fyrir boðaðan aðalfund. Kröfu má gera síðar en þó í síðasta lagi tíu dögum fyrir aðalfund. Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

Reglur um sókn aðalfundar - Öllum hluthöfum félagsins er heimilt að sækja aðalfund þess og taka þar til máls. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja aðalfund fyrir sína hönd. Hluthafa er heimilt að sækja aðalfund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á aðalfundi. Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt (stjorn@vis.is) umboð og skal það dagsett. Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla, þó ekki eftir að aðalfundur hefst.

Atkvæðavægi og -greiðslur - Á aðalfundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutfé. Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum félagsins eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðslur á aðalfundi skulu vera skriflegar ef einhver fundarmanna krefst þess.